

Mánudaginn 11. október 1965.

Nr. 71/1965. **Rafgeislahitun h/f (enginn)**

gegn

**Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni**

**f. h. Heinrich Ratjen og gagnsök**

(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Aðalsök felld niður.

Héraðsdómur í skuldamáli og fjárnámsgerð staðfest.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Er mál-ið var tekið þar fyrir til munnlegs flutnings hinn 8. þ. m., var þing eigi sótt af hendi aðaláfrýjanda. Ber því að fella aðalsök í máli þessu niður, sbr. 39. gr. laga nr. 57/1962.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. sept-ember s.l., áfrýjað málinu með stefnu 23. s. m. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða héraðsdóms ásamt fjárnámsgerð og málskostnaðar af aðaláfrýjanda hér fyrir dómi.

Með því að engir þeir gallar eru á hinum áfrýjuðu dóms-athöfnum, er standi í vegi fyrir kröfum gagnáfrýjanda, verða þær teknar til greina.

Málskot aðaláfrýjanda, sem engum andmælum hreyfði í héraði gegn kröfum gagnáfrýjanda, var gersamlega ófyrir-synju og veitti gagnáfrýjanda efni til áfrýjunar málsins einnig af sinni hálfu. Að þessu athuguðu er rétt, að aðal-áfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæsta-rétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

### Dómsorð:

Aðalsök máls þessa fyrir Hæstarétti er felld niður.

Í gagnsök eru hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð staðfest.

Aðaláfrýjandi, Rafgeislahitun h/f, greiði gagnáfrýj-

anda, Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Heinrich Ratjen, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. nóvember 1964.**

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Laugavegi 10, Reykjavík, f. h. Heinr. Ratjen, Njenburg, Þýskalandi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30.9. 1964, gegn Rafgeislahitun h/f, Grensásvegi 22, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð DM 3.504.08, með 8% ársvöxtum frá 19.7. 1963 til greiðsludags og málskostnaðar.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera vegna vörukaupa stefnda hjá stefnanda í júní 1963. Hafi varan verið send með m/s Goðafossi frá Hamborg 8. júlí 1963 og átt að greiðast í Landsbanka Íslands gegn afhendingu vörureiknings og farmskírteinis, en stefndi hafi hins vegar ekki innleyst vöruna.

Stefndi hefur þing sækja látið, en engum andmælum hreyft gegn dómkröfunum. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 6.300.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, Rafgeislahitun h/f, greiði stefnanda, Jóni N. Sigurðssyni f. h. Heinr. Ratjen, DM 3.504.08 með 8% ársvöxtum frá 19. júlí 1963 til greiðsludags og kr. 6.300.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Fjárnámssgerð fógetadóms Reykjavíkur 12. janúar 1965.**

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 endurrit af dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 3379/1964 .... Gerðar-

beiðandi er sjálfur mættur og krefst fjárnáms fyrir DM 3.504.08 með 8% ársvöxtum frá 19. júlí 1963 til greiðsludags, kr. 6.300.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola er mættur Sigurður Ólafsson, aðstoðarframkvæmdarstjóri og varastjórnarmaður gerðarþola. Aðspurður og áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt skuldina og telur sig ekki hafa heimild til að vísa á eignir til fjárnáms.

Ákveðið var að fresta gerðinni til kl. 3 í dag, og verður henni þá haldið áfram að Grensásveg 22, hér í borg.

.....

Gerðarbeiðandi mætir sjálfur og ítrekar fjárnámsskröfu sína frá fyrra réttarhaldi í dag.

Að tilhlutan fógeta mætir Ásta Guðjónsdóttir, sem hér vinnur. Áminnt um sannsögli, kveðst hún ekki greiða fyrir gerðarþola og ekki geta vísað á eignir til fjárnáms.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola í húseigninni nr. 22 við Grensásveg hér í borg. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættu að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

---

Mánudaginn 11. október 1965.

Nr. 174/1965. **Ákærvaldið**  
 gegn  
**Jósafat Arngrímssyni.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál.  
 Farbann.

### Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hefur hinn 6. október 1965 kært til Hæstaréttar úrskurð héraðsdóms, er upp var kveðinn 4. s. m. Barst kærán hingað 7. s. m. Ákærði krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur og afnumið verði bann